

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. október 2023, auglýsing á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreiðs vegna lóðarinnar nr. 5 við Egilsgötu.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu á deiliskipulagi vegna Heilsuverndarreiðs - Egilsgata 5, birtist í Morgunblaðinu fimmtudaginn 2. nóvember 2023. Tillagan er í kynningu frá 2. nóvember 2023 til og með 14. desember 2023. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgátt.is. Sjá eftirfarandi slóð: www.skipulagsgatt.is

Heilsuverndarreiður - Egilsgata 5

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. október 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. október 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreiðs vegna lóðarinnar nr. 5 við Egilsgötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að reisa þriggja til fimm hæða hús á horni Snorrabrautar og Egilsgötu, með verslunar-/þjónustuhúsnæði á götuhæð að Snorrabraut og allt að 48 íbúðum á efri hæðum. Aðgengi að dvalarsvæði er frá Egilsgötu og heimild er fyrir þaksvólum og bílakjallara. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **2. nóvember 2023 til og með 14. desember 2023**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 14. desember 2023**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Virðing fyrir umhverfinu 
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið 

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarhvítu ef nauðsyn krefur.